

Nd.

428. Frumvarp til laga

[250. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Flm.: Guðmundur J. Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímansdóttir, Karvel Pálmason.

1. gr.

Fyrri mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Nú verður fyrirtæki eða atvinnurekandi fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna náttúruhamfara, meiri háttar bruna eða skiptapa, eða hráefni skortir í fiskiðjuveri vegna aflaskorts, þannig að óhjákvæmilegt sé að fella niður atvinnu að hluta eða öllu leyti, og getur þá fyrirtæki eða atvinnurekandi ákveðið að starfsmenn fari í launalaust starfshlé. Slíkt launalaust starfshlé má þó aldrei standa lengur en samtals 160 stundir á hverju 12 mánaða tímabili miðað við fullt starf og að hámarki 80 stundir samfellt ef um hráefnisskort er að ræða, enda er óheimilt að segja starfsmönnum upp störfum meðan svo er ástatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur Alþingi markað þá meginstefnu að allir launamenn skuli njóta uppsagnarfrests frá störfum miðað við starfstíma. Þetta hefur að sjálfsögðu haft þann yfirlýsta tilgang að auka atvinnuöryggi og skapa festu á vinnumarkaði. Ein veigamikil undantekning hefur þó verið frá þessari meginreglu. Starfsmenn í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, fiskvinnslu, hafa orðið að sæta því að verða *sviptir tekjum sínum með viku fyrirvara og það oft langtímum saman*.

Þessi staðreynd á rætur sínar að rekja til laga nr. 16/1958, en í þeim var gert ráð fyrir að atvinnurekendur gætu firrt sig launagreiðslum, t. d. vegna hráefnisskorts, og ekki tókst að fá fullnægjandi breytingar á þessum ákvæðum með nýjum lögum nr. 19/1979.

Lögin frá 1979 eru að stofni til byggð á lögum nr. 16/1958, m. a. ákvæði fyrri mgr. 3. gr. laganna, en þar segir:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, *upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu . . .*“

o. s. frv. Árið 1965 náði Verkamannafélagið Dagsbrún samkomulagi við skipaafgreiðslur í Reykjavík um að upp- og útskipunarvinna væri með venjulegum uppsagnarfresti og verkamenn fengju greitt kaup þó að vinna væri ekki fyrir hendi, af því að skip væru ekki í höfn o. s. frv. Sami háttur hefur verið tekinn upp hjá þeim félögum þar sem hafnarvinna er samfelld eða því sem næst. Það er því fiskvinnslufólk eitt sem býr við þennan skerta rétt.

Í framkvæmd hafa ýmsir atvinnurekendur beitt þessu lagaákvæði þannig að með öllu er óviðunandi fyrir launamenn og stríðir gegn meginstefnu löggjafans um atvinnuöryggi. Þannig eru dæmi um að atvinnurekendur hafa haldið starfsmönnum launalausum mánuðum saman og framkallað hráefnisskort með því að láta selja afla veiðiskipa sinna erlendis, eða í öðrum höfnum, en haldið starfsmönnum fiskvinnslunnar verkefnislausum og án launa.

Til viðbótar siglingum fiskiskipa hefur útflutningur í gámum á ísuðum fiski, bæði með flutningaskipum og flugvélum, enn aukið öryggisleysi fiskvinnslufólks. Þess má geta, að siglingar fiskiskipa með fisk á erlandan markað hafa verið um 35 þús. tonn á ári, rösk 35 þús. tonn árið 1983, en tæp 35 þús. tonn árið 1984. Gámaflutningar með ísfisk (flök ekki meðtalin) með flutningaskipum og flugvélum voru 9 þús. tonn 1983 en um 15 þús. tonn 1984.

Vegna þessarar reynslu þykir nauðsynlegt að skilgreina nánar undir hvaða kringumstæðum atvinnurekendur sé heimilt að setja starfsmenn sína í launalaust leyfi, svo og að takmarka þann tíma sem slíkt sé leyfilegt á hverju ári og í hvert sinn.

Með þeirri breytingu á fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979, sem lögð er til með þessu frumvarpi, er að því stefnt að setja frekari skorður við beitingu umræddrar heimildar, þó það rúmar að atvinnurekendur geti firrt sig launagreiðslum þegar um ófyrirséð atvik er að ræða og þá þann tíma sem ætti að vera nægilegur til þess að gera viðhlítandi ráðstafanir ef um fyrirsjáanlega varanlega rekstrarstöðvun er að ræða.

Um 70% af skráðu atvinnuleysi á s. 1. ári var hjá fiskvinnslufólki eða í störfum tengdum fiskvinnslu. Það hlýtur að vera alvarlegt áhyggjuefni að starfsfólk í fiskvinnslu, sem er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, skuli búa við slíkt öryggisleysi umfram aðra þjóðfélagsþegna og veldur því að fólk sækir úr þessari atvinnugrein, jafnvel þótt það hafi margra ára starfsreynslu að baki. Slíkt hlýtur að bitna á atvinnugreininni og gæðum framleiðslunnar. Það hljóta því að vera hagsmunir þjóðarbúsins í heild að bæta úr þessu ófremdarástandi. Til þess er þetta frumvarp flutt.